

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/895****2019/EES/6/08****frá 22. júní 2018****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknunir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 74. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skal samsetning og fjárhæð þóknana, sem kveðið er á um í þeirri reglugerð, ráðast af því starfi sem nauðsynlegt er að Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) og lögbær yfirvöld inni af hendi og skal vera svo há að tryggt sé að tekjurnar af þeim, ásamt öðrum tekjuliðum Efnastofnunar Evrópu, nægi fyrir kostnaðinum við veitta þjónustu.
- 2) Fengin reynsla Efnastofnunarinnar og áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu við að meta umsóknir um leyfi hefur sýnt að umfang þeirrar vinnu sem felst í slíku mati ræðst af fjölda tegunda notkunar sem sótt er um í einni umsókn frekar en fjölda umsækjanda sem hefur lagt fram sameiginlega umsókn. Því ætti þóknunin fyrir tiltekna umsókn að vera sú sama, óháð fjölda umsækjanda; ekki ætti að innheimta viðbótarþóknun fyrir hvern umsækjanda sem bætist við. Sami rökstuðningur á einnig við um gjöld vegna framlagningar endurskoðunarskýrslu. Breytingar á þóknunum og gjöldum til samræmis við það gætu gert það kleift að létta á fjárhagslegu álagi á smærri rekstraraðila, s.s. lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 3) Ef lögð er fram sameiginleg umsókn um leyfi ætti að skipta þóknunum og gjöldum milli umsækjanda á sanngjarnan og gagnsæjan hátt án mismununar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Taka ætti núgildandi lækkun þóknana og gjalda fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki með í reikninginn við skiptingu á samanlögðum þóknunum og gjöldum.
- 4) Ef fyrirtæki, sem hafa lagt fram sameiginlega umsókn um leyfi, tilheyra mismunandi stærðarflokkum sem myndu heyra undir mismunandi grunnþóknunir ætti að innheimta hæstu þóknunina.
- 5) Í kjölfar endurskoðunar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008 ⁽²⁾, sem fram fór 2015, og í ljósi fenginnar reynslu af meðhöndlun leyfisumsókna er enn fremur rétt að aðlaga leyfisþóknunir og -gjöld til að endurspegla

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 160, 25.6.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008 frá 16. apríl 2008 um þóknunir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjttíð. ESB L 107, 17.4.2008, bls. 6) eins og henni var síðast breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/864 (Stjttíð. ESB L 139, 5.6.2015, bls. 1).

vinnuálag Efnastofnunarinnar. Í því skyni ættu viðbótarþóknarir og -gjöld fyrir hverja viðbótarnotkun einungis að vera eilítið lægri en grunnþóknunin eða -gjaldið. Því ætti að hækka þessar viðbótarþóknarir eða -gjöld fyrir hverja viðbótarnotkun.

- 6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 340/2008 til samræmis við það.
- 7) Vegna réttarvissu ætti þessi reglugerð ekki að gilda um umsóknir sem lagðar eru fram fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 340/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„2. Efnastofnunin skal innheimta grunnþóknun fyrir hverja umsókn um leyfi fyrir efni, eins og sett er fram í VI. viðauka. Grunnþóknunin skal taka til umsóknar um leyfi fyrir eitt efni og eina tegund notkunar.

Efnastofnunin skal innheimta viðbótarþóknun, eins og sett er fram í VI. viðauka við þessa reglugerð, fyrir hverja viðbótarnotkun og fyrir hvert viðbótarefni sem fellur undir skilgreininguna á flokki efna, eins og hann er skilgreindur í lið 1.5. í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og sem umsóknin tekur til. Ekki skal innheimta viðbótarþóknun ef fleiri en einn umsækjandi eru aðilar að umsókninni um leyfi.

Ef umsækjendur, sem eru aðilar að sameiginlegri umsókn um leyfi, eru mismunandi að stærð skal innheimta hæstu þóknunina, sem á við um einhvern þessara umsækjanda, fyrir þá umsókn.

Ef lögð er fram sameiginleg umsókn um leyfi skulu umsækjendurnir leggja sig fram um að skipta þóknuninni með sér á sanngjarnan og gagnsæjan hátt án mismununar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

Efnastofnunin skal gefa út einn reikning sem nær yfir grunnþóknunina og allar viðeigandi viðbótarþóknarir.“

- 2) Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„2. Efnastofnunin skal innheimta grunn gjald fyrir hverja endurskoðunarskýrslu sem lögð er fram, eins og sett er fram í VII. viðauka. Grunn gjaldið skal taka til framlagningar endurskoðunarskýrslu fyrir eitt efni og eina tegund notkunar.

Efnastofnunin skal innheimta viðbótargjald, eins og sett er fram í VII. viðauka við þessa reglugerð, fyrir hverja viðbótarnotkun og fyrir hvert viðbótarefni sem fellur undir skilgreininguna á flokki efna, eins og hann er skilgreindur í lið 1.5. í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og sem endurskoðunarskýrslan tekur til. Ekki skal innheimta viðbótargjald ef fleiri en einn umsækjandi eru aðilar að endurskoðunarskýrslunni.

Ef aðilar að sameiginlegri endurskoðunarskýrslu eru mismunandi að stærð skal innheimta hæstu þóknunina, sem á við um einhvern þessara umsækjanda, fyrir þá framlagningu.

Ef lögð er fram sameiginleg endurskoðunarskýrsla skulu leyfishafarnir leggja sig fram um að skipta gjaldinu með sér á sanngjarnan og gagnsæjan hátt án mismununar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.

Efnastofnunin skal gefa út einn reikning sem nær yfir grunn gjaldið og öll viðeigandi viðbótargjöld.“

- 3) Í stað VI. og VII. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 340/2008, eins og henni var síðast breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/864 ⁽¹⁾, gildir um umsóknir sem eru lagðar fram fyrir 15. júlí 2018.

(1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/864 frá 4. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknarir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtið. ESB L 139, 5.6.2015, bls. 1).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VI. VIÐAUKI

Þóknanir fyrir umsóknir um leyfisveitingu skv. 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Staðlaðar þóknanir

Grunnþóknun	54 100 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	10 820 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	48 690 evrur

Tafla 2

Lægri þóknanir fyrir meðalstór fyrirtæki

Grunnþóknun	40 575 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	8 115 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	36 518 evrur

Tafla 3

Lægri þóknanir fyrir lítil fyrirtæki

Grunnþóknun	24 345 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	4 869 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	21 911 evrur

Tafla 4

Lægri þóknanir fyrir örfyrirtæki

Grunnþóknun	5 410 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hvert efni	1 082 evrur
Viðbótarþóknun fyrir hverja notkun	4 869 evrur

VII. VIÐAUKI

Gjöld fyrir endurskoðun á leyfisveitingu skv. 61. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Tafla 1

Stöðluð gjöld

Grunngjald	54 100 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	10 820 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	48 690 evrur

Tafla 2

Lægri gjöld fyrir meðalstór fyrirtæki

Grunngjald	40 575 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	8 115 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	36 518 evrur

Tafla 3

Lægri gjöld fyrir lítil fyrirtæki

Grunngjald	24 345 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	4 869 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	21 911 evrur

Tafla 4

Lægri gjöld fyrir örfyrirtæki

Grunngjald	5 410 evrur
Viðbótargjald fyrir hvert efni	1 082 evrur
Viðbótargjald fyrir hverja notkun	4 869 evrur“